

gjaldeyris var aflað til kaupa á bifreiðunum, þar sem gjaldeyris-yfirfærslur miðast við lægra kaupverð en raunverulegt kaupverð bifreiðanna er.

Með hliðsjón af því, sem að ofan greinir, og vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir nauðsynlegt að taka kröfu rannsóknar-lögreglu ríkisins um að framlengja gæsluvarðhald kærða til greina, svo hann með óskertu frelsi geti eigi torveldað rannsókn málsins eða haft áhrif á vitni og/eða hugsanlega samseka.

Kærði er sakaður um brot, sem geta varðað hann fangelsisrefs-ingu samkvæmt XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og IX. kafla laga nr. 59/1969.

Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar eru því gæsluvarðhaldinu eigi til fyrirstöðu.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt til miðvikudagsins 22. fe-brúar nk. kl. 1700.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ásgeir Sigurðsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 22. febrúar nk. kl. 1700.

Mánudaginn 6. febrúar 1978.

Nr. 75/1976. **Guðjón Sigurðsson**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Guðmundi Agnari Guðjónssyni

(Skúli Pálsson hrl.).

Abúð. Útburðargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einars-son og Þór Vilhjálmsson.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur kveðið upp Pétur Þorsteinson, sýslumaður í Dalasýslu.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. mars 1976, að fangnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að hin umbeðna útburðargerð nái fram að ganga, þ. e. að stefndi verði borinn út af jörðinni Harastöðum í Fellsstrandarhreppi, Dalasýslu. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 13. febrúar 1967 fékk áfrýjandi leyfi til setu í óskiptu búi eftir eiginkonu sína, Sigríði Sigurðardóttur, sem andaðist 3. apríl 1966.

Áfrýjandi krafðist þess 15. nóvember 1973, að stefndi yrði borinn út af Harastöðum, þar sem hann hefði fyrirgert ábúðarrétti sínum. Það mál var tekið fyrir í fógetarétti Dalasýslu 12. ágúst 1974. Í fógetarétti 5. september 1974 var gerð svo-felld bókun í þingbók, sem aðiljar undirrituðu: „Gerðarbeiðandi fellst á, að gerðarþoli, Guðmundur Agnar, sitji á jörðinni Harastöðum til 20. maí 1975 með eftirfarandi skilmálum:

1. Fóðraðar verði fyrir gerðarbeiðanda á næsta vetri 45 ær.
2. Borinn verði á Harastaðatún á næsta hausti fjóshaugur sá, sem nú er fyrir hendi á staðnum.
3. Girt verði beggja megin vegar um Harastaðatún að Klifi.
4. Hestum verði ekki beitt á tún í vetur.“

Hinn 22. maí 1975 krafðist áfrýjandi enn útburðar á stefnda af jörðinni, og er útburðarkrafan meðal annars byggð á fyrrgreindu samkomulagi.

Samkomulag þetta verður eigi skilið á annan hátt en þann, að stefndi hafi þar skuldbundið sig til að flytja bú sitt af jörðinni eigi síðar en 20. maí 1975. Þar sem stefndi hefur eigi staðið við þessa skuldbindingu, verður að taka útburðarkröfu áfrýjanda til greina og leggja fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu útburðargerð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 60.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafist er.

Stefndi, Guðmundur Agnar Guðjónsson, greiði áfrýjanda, Guðjóni Sigurðssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Dalasýslu 9. september 1975.

Með beiðni, dags. 22. maí 1975, til sýslumanns Dalasýslu krefst Guðjón Sigurðsson, eigandi jarðarinnar Harastaða á Fellsströnd, þess, að ábúandi jarðarinnar, Guðmundur Agnar Guðjónsson, verði borinn út af jörðinni Harastöðum.

Í beiðninni er vitnað til uppsagnar ábúðar frá því í desember 1973, en þar er útbyggingarsök tilgreind niðurníðsla jarðarinnar og vanskil ábúanda á greiðslu eftirgjalds.

Beiðninni fylgdi ljósrít af samkomulagi milli aðilja, gert í fógetarétti Dalasýslu þann 5. sept. 1974.

Málið var tekið fyrir í fógetarétti Dalasýslu þann 4. júní 1975 og síðan veittir frestir eftir samkomulagi við aðilja og lögmenn þeirra til gagnaöflunar, uns fram fór munnlegur málflutningur þann 28. ágúst sl., og var málið þá tekið til úrskurðar.

Áður en munnlegur málflutningur hófst, fóru dómari og lögmenn að Harastöðum og kynntu sér ástand jarðar og húsa. Gerðarþoli, Guðmundur Agnar Guðjónsson, mótmælti því, að umbeðin útburðargerð næði fram að ganga, og mótmælir svo og öllum útbyggingarástæðum. Verður hér nánar greint frá málsástæðum samkv. framkomnum gögnum.

Hjónin Guðjón Sigurðsson, sem er gerðarbeiðandi í máli þessu, og kona hans, Sigríður, bjuggu á eignarjörð sinni, Harastöðum á Fellsströnd, um árabil til ársins 1966, er Sigríður lést. Guðjón fékk síðan leyfi til setu í óskiptu búi með samþykki allra barna þeirra hjóna. Eftir lát Sigríðar tóku við ábúð að Harastöðum synir þeirra hjóna, Pétur og Guðmundur Agnar.

Ári síðar vék Pétur af jörðinni, en eftir það virðist Agnar hafa verið talinn ábúandi, enda þótt byggingarbréf væri aldrei gert. Hins vegar mun í upphafi hafa orðið samkomulag um, að Guðmundur Agnar fódraði 25 ær fyrir föður sinn, sem í fyrstu dvaldist hjá syni sínum og bústýru hans, Kristínu Jóhannsdóttur, en

hún fluttist um þessar mundir að Harastöðum með þremur börnum sínum og hefur síðan eignast þrjú börn með Guðmundi Agnari.

Fyrir um það bil 4 árum fluttist Guðjón, þ. e. gerðarbeiðandi, frá Harastöðum, og haustið 1972 hætti Guðmundur Agnar að fódra fé fyrir gerðarbeiðanda um sinn, og um sama leyti reis ágreiningur með aðiljum um greiðslu eftirgjalds fyrir veiðiréttindi í Flekkudalsá fyrir landi Harastaða. Árið 1971 mun báðum aðiljum hafa verið greitt leigugjald fyrir veiðina.

Árið 1972 fékk gerðarbeiðandi greitt fyrir veiðina kr. 24.000, en eftir það var leigan greidd inn á bók í Búnaðarbanka Íslands í Búðardal, og samkv. tilmælum hreppsnefndar Fellsstrandarhrepps, og nemur sú upphæð nú kr. 123.541 auk vaxta.

Önnur hlunnindi jarðarinnar, sem einkum eru selveiði, hefur gerðarþoli nytjað.

Ómótmælt er, að gerðarbeiðandi hafi ætíð greitt fasteignagjöld, brunabótagjöld og afborganir og vexti af áhvílandi lánum á fasteign að Harastöðum.

Því er haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að um verulega niðurníðslu sé að ræða, bæði á því er tekur til jarðarhúsa og ræktunar á Harastöðum, hins vegar hefur hvorki við ábúendaskipti né síðar farið fram úttekt á jörðinni.

Í nóvember 1973 tilkynnti gerðarbeiðandi uppsögn ábúðar, og með bréfi til sýslumanns Dalasýslu, dags. 15. nóvember 1973, krafðist gerðarbeiðandi jafnframt útburðar á gerðarþola frá næstu tardögum.

Útburðarbeiðni þessi var tekin fyrir í fógetarétti Dalasýslu 1974, en þann 5. sept. það ár varð samkomulag milli aðilja um, að Guðmundur Agnar sæti á Harastöðum til 20. maí 1975 með ákveðnum skilyrðum.

Gerðarþoli vék ekki af jörðinni þann 20. maí 1975 og telur, að samkomulagið frá 5. sept. 1974 beri að skilja sem samkomulag um áframhaldandi ábúð með ákveðnum skilyrðum og hafi ekki verið sannað, að hann hafi ekki fullnægt þar greindum skilyrðum.

Þá er því haldið fram af hálfu gerðarþola, að aðrar útbyggingarástæður eigi sér ekki stoð, með því að hann hafi hvorki skv. byggingarbréfi né með öðrum hætti verið krafinn um ákveðið afgjald eftir jörðina. Megi telja eðlilegt, að ráðstöfun landsdrottins á tekjum eftir veiði mæti jarðarafgjaldi að svo komnu. Þá kveðst gerðarþoli ekki hafa verið krafinn um fasteignagjöld eða brunabótagjöld. Samkv. framanskráðum málavöxtum þykir leitt í ljós, að

gerðarbeiðandi, í þessu tilviki landsdrottinn, hafi látið undir höfuð leggjast að gera byggingarbréf og enn fremur ekki gætt þess að láta fara fram úttekt á jörð og jarðarhúsum.

Þá hefur hann ekki sannað, hvorki með vottorði úttektarmanna né með öðrum hætti, svo óyggjandi sé, gegn framkomnum mótmælum, að jörð eða jarðhús hafi sætt slíkri niðurníðslu, að varðað gæti útbyggingu af umræddri jörð.

Með því að landsdrottinn átti hlut að því að taka undan leiguliðanotum veiði eða andvirði hennar (þ. e. leigu fyrir veiði í Flekkudalsá), þykir ekki nægilega sannað gegn mótmælum gerðarþola, að um svo augljós vanskil á eftirgjaldi jarðar sé að ræða, að varðað geti útbyggingu, er þá og haft í huga, að þangað til umgetin veiði var tekin undan leiguliðanotum, fóðraði gerðarþoli fénað fyrir gerðarbeiðanda samkv. umtali, og var ekki eftir það krafinn um eftirgjald.

Samkomulag það, sem varð með aðiljum í fógetarétti Dalasýslu þann 5. sept. 1974, sýnist verða að líta á sem frestun máls með ákveðnum skilyrðum. Gegn ákveðnum mótmælum gerðarþola um, að í því felist loforð um að víkja af jörðinni, verður ekki byggt á þessu samkomulagi sem útburðarástæðu, enda ekki tilgreint í samkomulagi þessu, að gerðarþoli lofi að víkja af jörðinni þann 20. maí 1975.

Begar jafnframt er virt, hversu hagsmunir gerðarþola eru miklir, en hann og sambýliskona hans hafa á framfæri 6 börn, þykja ekki fram komin nægileg rök af hálfu gerðarbeiðanda til þess, að orðið verði við kröfu um útburð á gerðarþola af jörðinni Harastöðum. Þannig sýnist engin af framkomnum útburðarástæðum vera studd nægilegum rökum. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri málskostnað að sínum hluta, og telst hann því falla niður.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna gerð skal ekki ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.
